



Nefndasvið Alþingis.  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. september 2013.

### **Umsögn Kennarasambands Íslands um tillögu til þingsályktunar.**

Vísað er til bréfs dags. 19. september 2013 vegna beiðnar um umsögn vegna þingsályktunartillögu um leikskóla að loknu fæðingarorlofi.

Kennarasamband Íslands styður tillögu til þingsályktunar um leikskóla að loknu fæðingarorlofi að því gefnu að fæðingarorlof verði lengt eins og lög 143/2012 gera ráð fyrir. Öll börn ættu að eiga kost á skólavist í góðum leikskóla strax að loknu fæðingarorlofi. Það er fyrst og fremst kennarastéttarinnar að veita bestu umönnun og menntun sem byggir á vönduðum rannsóknum um hvað er best fyrir þroska, velferð og öryggi ungra barna og samfélaginu öllu til framdráttar.

Kennarasambandið vill benda á að fjölgun leikskóla kallar óhjákvæmilega á fleiri leikskólakennara til starfa. Í dag er langur vegur í það að nægilega margir leikskólakennarar séu til staðar til að öllum börnum verði tryggð gæða leikskólakennsla. Fjölgun leikskólaplássanna leiðir því til hlutfallslegrar fækkunar leikskólakennara ef ekkert er að gert. Þetta er sérstaklega mikilvægt að skoða samhliða tillögu um fjölgun rýma fyrir yngstu börnin í ljósi þess að það er álit margra að þau þurfi ekki hvað síst á að halda starfsfólki með tilskylda menntun. Stjórnvöld verða því að taka af fullum þunga þátt í því að gera leikskóla að eftirsóknarverðum vinnustöðum þannig að þeim sem mennta sig í leikskólafræðum fjölgi til mikilla muna. Það er forsenda þess að hægt verði að tala um gæða leikskóla fyrir öll börn í kjölfar 12 mánaða fæðingarorlofs.

Virðingarfyllst,

f.h. Kennarasambands Íslands

Haraldur F. Gíslason formaður Félags leikskólakennara

Ingibjörg Kristleifsdóttir formaður Félags stjórnenda leikskóla.